



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Skrifstofa menningar- og íþóttasviðs

Svar við fyrirspurn fulltrúa áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lagningu gönguskíðabrauta án samráðs við íbúa.

Á fundi borgarráðs 21. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hefur lagning gönguskíðabrautar á grónu svæði (mön) fyrir ofan Jaka-, Jóru- Kalda- og Klyfjasel verið rædd sérstaklega við íbúa, og þá sérstaklega þá sem búa næst fyrirhugaðri skíðagöngubraut? Flestir íbúar vilja að umrætt náttúrusvæði, verði látið í friði og frekar gróðursett tré á svæðinu í stað þess að ryðja gróður til að útbúa gönguskíðabraut alveg upp við garða íbúa. Í litprentuðum bæklingi sem Reykjavíkurborg dreifði í júlí 2021 eru m.a. tvær myndir, önnur teiknuð en hin mynd af korti, sem sýna væntanlegan Vetrargarð og næsta nágrenni. Þar má sjá að gera á gönguskíðabrautir rétt fyrir ofan Jaka-, Jóru- Kalda-, Klyfjasel og fleiri nærliggjandi Sel sem gætu skaðað hið vel gróna svæði milli efstu lóðanna og væntanlegs Arnarnesvegar. Verður trjágróðri, sem íbúar hafa gróðursett á síðustu áratugum, til að rækta upp þetta dýrmæta græna svæði, rutt í burt fyrir þessar gönguskíðabrautir? Þessi mön milli íbúabyggðarinnar og vegarins mun að einhverju leyti vernda íbúa fyrir hávaða og mengun frá tilvonandi Arnarnesvegi, og því gríðarlega mikilvægt að hlúa vel að gróðri og náttúru á þessu svæði. Fyrirspurninni fylgir skýringarmynd.

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá skrifstofu borgarstjórnar.

Svar:

Samkvæmt samþykktu hverfaskipulagi fyrir Seljahverfi því í maí 2022 sem tekur til allrar íbúðarbyggðarinnar sem og opinna svæða er ekki gert ráð fyrir sérstakri gönguskíðabraut á opnun svæði innan skilmálaeiningar 6.2.22. sjá slóða á skipulagi https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/BH6_2_Bok2_update_1.pdf#6222

Samkvæmt skipulagsskilmálum fyrir 6.2.22 Opin svæði er heimilt að koma fyrir göngustígum, gróðursetja og gera útivistarsvæði þannig úr garði að hægt sé að nota það meira og betur. Lega göngustíga sem sýnd er á skipulagsuppdraetti er leiðbeinandi. Þennan göngustíg má síðan nota á veturnum til gönguskíðaiðkunar þegar aðstæður leyfa. Miðað er við að þegar farið verður í hönnun og útfærslu á þessu útivistarsvæði verði það gert í samráði við íbúa sem eiga lóðir að svæðinu.

Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri